

**Markmið / tilgangur.**

Að tryggja ábyrga og markvissa þjálfun í haglabyssuskottfimi. Að þjálfarar verði fyrirmynd félagsmanna á öllum sviðum.

**Ábyrgð:** Fræðslunefnd og Stjórn SÍH

**Lýsing:**

- Þjálfari skal beita markvissri og faglegri þjálfun/leiðbeiningum í viðkomandi íþróttagrein.
- Þjálfari skal þekkja öryggisreglur félagsins og tryggja öryggi nemenda sinna.
- Þjálfari skal viðhafa góða umgengni á skotsvæðinu og leiðbeina öðrum slíkt hið sama.
- Þjálfari skal ekki mismuna nemendum að neinu tagi, svo sem eftir aldri, kyni, getu né öðru.
- Þjálfari skal virða, viðhorf og skoðanir annarra sem eru frábrugðin frá hans eigin
- Þjálfara ber að virða starfsbræður sína og hafi eigi afskipti af starfi þeirra nema að beiðni eða með leyfi þeirra eða fræðslunefndar.
- Þjálfara ber að virða skipulagða æfingatíma annarra og haga þjálfun í samræmi við það.
- Þjálfari skal vera vakandi yfir þeim áhrifum sem hegðun hans getur haft á iðkendur og aðra og halda faglegri fjarlægð frá iðkanda og aðstandendum hans.
- Þjálfari skal krefjast ágætis en ekki búast við fullkomnum., Hann skal hvetja og fylla iðkanda eldmóð og leitast við að vinna traust hans og virðingu. Hann skal leggja metnað sinn í að skilja iðkandann áður en reynt er að hafa áhrif á viðhorf hans.
- Öll þjálfun á vegum SÍH skal fara fram á grundvelli félagsins.
- Þjálfari SÍH er óheimilt að taka við greiðslu í neinu formi frá iðkanda fyrir þjálfun.
- Þjálfara eins og öðrum er heimilt að leigja lðavelli í samræmi við reglur SÍH – Undir slíkum kringumstæðum er þjálfari á eigin vegum en ekki á á ábyrgð né tryggingum SÍH.